



**281. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn húsakynnum skrifstofu ÍSÍ í Íþróttamiðstöðinni við Skólástíg á Akureyri þriðjudaginn 22. október 2019 kl. 16:00.**

**Mættir:** Lárus L. Blöndal forseti, Sigríður Jónsdóttir 1. varaforseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Dominiqua Alma Belányi, Garðar Svansson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Lilja Sigurðardóttir, Lilja Sigurðardóttir, Olga Bjarnadóttir, Þórey Edda Elísdóttir, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri, Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri og Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ.

**Forföll:** Ása Ólafsdóttir, Knútur G. Hauksson, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson og Þráinn Hafsteinsson.

#### **Dagskrá:**

##### **1. Ólympísk málefni**

*Þórey Edda Elísdóttir* formaður fagraðs Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ skýrði frá helstu verkefnum Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ þessar vikurnar. Undirbúningur fyrir Ólympíuleika ungmenna í Lausanne er í fullum gangi.

Fundað hefur verið með sérsamböndum og einnig fundað um málefni Afreksmiðstöðvar ÍSÍ.

##### **2. Fagsvið ÍSÍ**

*Lilja Sigurðardóttir*, meðlimur í fagraði Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ, lagði fram tillögu frá sviðinu þar sem skorað er á framkvæmdastjórn ÍSÍ að halda áfram með Kvennahlaup ÍSÍ. Lagðar eru til breytingar varðandi boli hlaupsins og þátttökuverðlaun.

Nokkrar umræður urðu um málið. Gjaldkeri skýrði frá greiningu kostnaðar við hlaupið.

Samþykkt að heimila Almenningsíþróttasviði ÍSÍ að halda undirbúningi að næsta hlaupi áfram, í takt við tillögur Kvennahlaupsnefndar ÍSÍ og sviðsins.

*Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir*, meðlimur í fagraði Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ, fór yfir helstu verkefni sviðsins. ÍSÍ var með í framkvæmd Forvarnardagsins, að venju. Að þessu sinni voru Menntaskólinn í Borgarnesi og Varmárskóli í Mosfellsbæ heimsóttir.

Fjórða ráðstefna Sýnum karakter tókst afar vel en að þessu sinni voru vinnustofur haldnar í tengslum við ráðstefnuna.

Nýtt hlaðvarpsviðtal er komið í spilun en að þessu sinni var Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir, framkvæmdastjóri HSV tekin í viðtal.

Stefnt er að stjórnendanámskeiði fyrir sambandsaðila í janúar nk. og verið er að endurskoða stefnu ÍSÍ í þjálfaramenntun. Viðar Sigurjónsson, skrifstofustjóri ÍSÍ á Akureyri, sá nýverið um stjórnendafræðslu bæði hjá HSP og USVH.

Áhugi er fyrir hendi að setja inn nokkrar spurningar varðandi íþróttastarfið í rannsóknina Ungt fólk sem Rannsókn og greining annast.

##### **3. Stofnun Bogfimisambands Íslands**

Bogfiminefnd ÍSÍ hefur óskað eftir því að Bogfimisamband Íslands (BFSÍ) verði stofnað 1. desember nk. Íþróttin uppfyllir öll skilyrði til stofnunar sérsambands og fyrir liggur heimild Íþróttapings ÍSÍ um stofnun þess.

Samþykkt að boða til stofnþings Bogfimisambands Íslands 1. desember 2019.

#### 4. Formannafundur ÍSÍ

Farið yfir undirbúning Formannafundar ÍSÍ sem haldinn verður 29. nóvember nk. í Laugardalshöll. Margrét Lilja Guðmundsdóttir frá Rannsókn og greiningu verður með erindi á fundinum. Vinnuhópar munu gefa stöðuskýrslur á fundinum og tölfræðiupplýsingar úr starfsskýrslum verða kynntar.

#### 5. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum 2020-2030, 102. mál

Framkvæmdastjórn ÍSÍ fagnar framlögn þingsályktunartillögunnar.

#### 6. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 902003, með síðari breytingum (félög undanskilin fjármagnstekjuskatti), 96. mál.

Framkvæmdastjórn ÍSÍ fagnar framlögn ofangreindrar breytingar.

#### 7. Umsögn um frumvarp til laga um félög til almannaheilla, 181. mál.

Forseti og framkvæmdastjóri funduðu með fulltrúum ráðuneytis vegna þessa máls og komu á framfæri óánægju með að ekki var haft samráð við ÍSÍ við undirbúning og gerð frumvarpsins. Unnið er að umsögn um málið, með hliðsjón af umsögn ÍSÍ við fyrri framlagningu frumvarpsins á þingi.

#### 8. Erindi frá Reykjavíkurborg vegna beiðni HSÍ um sölu áfengis á viðburðum HSÍ í Laugardalshöll

Tekið fyrir erindi frá Reykjavíkurborg þar sem óskað er eftir umsögn ÍSÍ vegna erindis HSÍ um sölu léttvins og bjórs á viðburðum HSÍ í Laugardalshöllinni.

Þar sem sala áfengis á íþróttaviðburðum er í andstöðu við stefnuyfirlýsingu ÍSÍ um forvarnir þá getur ÍSÍ ekki tekið afstöðu í málinu. Mögulega er þörf á að taka þessa stefnu til skoðunar á vettvangi íþróttahreyfingarinnar að nýju til að fá það fram hvort sú afstaða sem tekin var á Íþróttáþingi árið 1997 varðandi m.a. neyslu áfengis í tengslum við iðkun íþróttahafi breyst á þeim tíma sem liðin er. Skrifstofu falið að svara erindinu.

#### 9. Innganga íþróttabandalaga í UMFÍ

UMFÍ samþykkti á sambandsþingi sínu 11.-13. október sl. inngöngu ÍBA, ÍBR og ÍA í UMFÍ. Íþróttabandalögin fá ekki aðgang að lottófjármagni UMFÍ þar til UMFÍ og ÍSÍ hafa samið um skiptingu lottógreiðslna.

Í dag er ljóst, út frá samantekt sem ÍSÍ gerði um úthlutun á lottógreiðslum ÍSÍ og UMFÍ til íþróttafélaga, að verulega ber á milli í lottógreiðslum til þeirra félaga sem hafa beina aðild að UMFÍ og þeirra sem eiga aðild að UMFÍ í gegnum íþróttahérað.

Á Íþróttáþingi ÍSÍ var samþykkt að skipa nefnd til að endurskoða reglugerð um skiptingu lottófjár. Sú nefnd hefur hafið störf en í henni sitja fulltrúar frá ÍSÍ og UMFÍ og fulltrúar frá sambandsaðilum. Nefnin á að skila af sér starfi á Íþróttáþingi ÍSÍ árið 2021.

#### 10. GDPR – staða mála

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála. Búið er að vinna vinnsluskrá fyrir allar vinnslur ÍSÍ og úr þeirri vinnu féllu til ýmis úrbótaverkefni sem Advania/Advice hefur aðstoðað skrifstofu ÍSÍ við að leysa úr. Fundarmönnum kynntar samantektir, stefnur og verkferlar sem búið er að vinna og næstu skref í málaflokknum.

#### 11. KSÍ – Umsókn um viðurkenningu á Laugardalsvelli sem þjóðarleikvang fyrir knattspyrnu

Lögð fram umsókn KSÍ um viðurkenningu á Laugardalsvelli sem þjóðarleikvang fyrir knattspyrnu. Málinu frestað til næsta fundar á meðan beðið er eftir gögnum frá KSÍ sem þurfa að fylgja umsókninni.

## 12. Heiðranir

Rafrænt samþykki fékkst hjá stjórn, í gegnum tölvupóst, að sæma Torfa Einarsson Gullmerki ÍSÍ í tilefni af 100 ára afmæli Knattspyrnufélagsins Harðar á Ísafirði. Fulltrúi stjórnar HSV afhenti merkið á afmælishátíð glímudeildar félagsins.

Samþykkt að heiðra eftirtalda einstaklinga í tilefni af 90 ára afmæli Fimleikafélags Hafnarfjarðar: Silfurmerki:

- Björn Pétursson – 070961-5209 fyrrum frjálsíþróttamaður og stjórnarmaður í FH í vel á annan áratug
- Eggert Bogason – 190760-5539, fyrrum frjálsíþróttamaður og þjálfari hjá FH í tæpa 3 áratugi
- Jón Rúnar Halldórsson – 231057-4129, fyrrum formaður knattsp.deildar í 20 ár
- Ragnheiður Óladóttir – 060163-2949 fyrrum frjálsíþróttakona og þjálfari hjá FH í tæpa 3 áratugi

Gullmerki:

- Örn Hallsteinsson – 180641-4409, heiðursfélagi FH og landsliðsmaður í handknattleik
- Viðar Halldórsson – formaður FH

Heiðurskross:

- Geir Hallsteinsson – 070846-2689, landsliðsmaður í handknattleik og leiðtogi í handknattleiksíþróttinni.

## 13. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 280. fundur framkvæmdastjórnar
- 13., 14. og 15. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- Afreks- og Ólympíusvið frá 27. september 2019
- Afrekssjóðs ÍSÍ frá 26. september og 11. október 2019.  
**Tillögur sjóðsstjórnar um niðurfellingar styrkja, samtals að upphæð kr. 2.980.240,- vegna ársins 2018 samþykktar.**
- Verkefnasjóðs frá 21. október 2019. **Tillögur sjóðsstjórnar um úthlutun úr sjóðnum samþykktar.**
- Heiðursráð ÍSÍ frá 1. október 2019
- Laganefnd ÍSÍ frá 21. október 2019 – **Tillögur laganefndar um afgreiðslu mála samþykktar. Framkvæmdastjórn hafnar nafni Knattspyrnufélagsins Stríðsmanna.**

## 14. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

Forseti og framkvæmdastjóri skýrðu stuttlega frá fyrstu Heimsstrandarleikum ANOC sem fram fóru í Doha í Katar fyrr í mánuðinum. Enginn íslenskur keppandi tók þátt í leikunum, sem voru hinir glæsilegustu.

## 15. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næsti fundur stjórnar verður 28. nóvember nk. Stefnt er að því að Þróunar- og fræðsluvið ÍSÍ kynni málefni transfólks í tengslum við íþróttaiðkun.

Jólafundur framkvæmdastjórnar verður í hádeginu 12. desember nk.

#### **16. Önnur mál**

Engin önnur mál lágu fyrir fundinum.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.